Í stuttu máli skiptir ofangreint skilyrði starfsmönnum viðkomandi félaga í tvo hópa er kemur að skattheimtu – einn hóp sem greiðir 22% skatt við nýtingu kaupréttar og annan hóp sem greiðir allt að 46,25% er hann gerir slíkt hið sama. Það er vandséð hvaða tilgangi það þjónar að draga starfsmenn einstakra sprotafyrirtækja í slíka dilka með því að bjóða sumum þeirra að greiða lægri skatta en öðrum. Innan félags þar sem allir starfa að sama markmiði í miklu návígi þykir líklega óeðlilegt að sumir starfsmenn greiði fjármagnstekjuskatt við innlausn kaupréttar, en aðrir greiði tekjuskatt. Hér skal minnt á að lagafrumvarpinu er ætlað að ná til fyrirtækja með 25 starfsmenn eða færri. Auk þess er í mörgum tilfellum líklegt að allir eða nær allir starfsmenn lítils sprotafyrirtækis komi með einum eða öðrum hætti að ákvarðanatöku við kjarnaverkefni viðkomandi félags, eða færist a.m.k. milli verkefna með nokkuð örum hætti. Ólíkar skattareglur innan slíks umhverfis munu því vísast valda vandræðum í framkvæmd og auka skjalagerð og flækjustig við uppgjör skatta og gjalda. Þá skal það nefnt að margir lykilstarfsmenn, t.a.m. starfsmenn á borð við framkvæmdastjóra og fjármálastjóra, sem sinna sökum eðlis starfa sinna verkefnum þvert á starfsemi alls félagsins, munu falla utan framangreinds ramma, sem vinnur töluvert gegn þeim tilgangi breytinganna, að veita nýsköpunarfélögum tækifæri til að njóta góðs af sérfræðipekkingu og halda henni innan félagsins. Veldur skilyrðið auk þess líklega beinlínis hvata hjá sprotafyrirtækjum til þess einfaldlega að segja alla starfsmenn sína uppfylla framangreint skilyrði, til þess eins að koma í veg fyrir ójafnræði í skattheimtu meðal starfsmanna og minnka flækjustig.

*Tillaga: Lagt er til að sömu reglur gildi fyrir alla aðila innan sama félags varðandi skattlagningu við nýtingu kaupréttar.*

#### 4. töluliður

Ákvæði 4. tl. frumvarpsins mælir fyrir um að samningur um kauprétt megi ekki vera framseljanlegur og ná ekki til lengri tíma en sex ára.

Í upphaflegum drögum frumvarpsins var miðað við að líftími kaupréttarsamnings mætti ekki vera lengri en 3 ár, en við það fyrirkomulag voru gerðar verulegar athugasemdir, einkum þar sem um mun skemmri líftíma væri að ræða en tíðkaðist almennt um kaupréttarsamninga. Var einnig bent á að engin góð rök væru fyrir því að setja slíkar skorður við líftíma kaupréttarsamninga. Í stuttu máli má segja að líftími kaupréttarsamnings þurfi að vera nokkuð langur til að hann náí því markmiði sínu að stilla saman hagsmuni starfsmanna og vinnuveitanda þeirra, enda tekur það jafnan töluvert langan tíma fyrir nýsköpunarfélög að ná fram raunverulegum vexti. Þeim mun skemmri sem líftími kaupréttarsamnings er, þeim mun minni líkur eru til að réttindi samkvæmt kaupréttarsamningi verði búin að ávaxtast áður



en samningurinn er á enda liðinn. Kaupréttir samkvæmt kaupréttarsamningum eru langoftast áunnir á a.m.k. fjórum árum, auk þess sem starfsmönnum sem áfram starfa hjá félaginu eru þá veitt nokkur ár til viðbótar til þess að nýta áunna kauprétti. Sá tími sem hefur verið veittur til að nýta kauprétti hefur almennt verið á bilinu 2-6 ár, en lítil ástæða hefur almennt verið til að takmarka líftíma kaupréttarsamninga, sérstaklega í þeim tilfellum er starfsmenn eru enn starfandi hjá viðkomandi nýsköpunarfélagi. Hafa framangreindar aðferðir reynst heillavænlegastar í framangreindu markmiði, bæði hér heima og erlendis hjá farsælustu nýsköpunar- og tæknifélögum heims. Takmörk á hámarkslíftíma kaupréttarsamninga eru því ekki í góðu samræmi við framkvæmd slíkra samninga og ekki vitað um nein rök sem standa til þess að takmarka líftíma þeirra, hvorki frá sjónarhóli nýsköpunargeirans né skattayfirvalda. Er því eindregið lagt til að takmörk sem varða hámarkslíftíma kaupréttarsamninga í þessu samhengi verði afnumin.

*Tillaga: Lagt er til að tímamörkum um þriggja ára hámarkslíftíma kaupréttarsamnings verði alfarið sleppt, enda kunna tímamörk að vera ólík milli félaga og engin sýnileg rök sem standa til þess að takmarka tímaramma þeirra.*

## II.2 Skilgreining sprotafyrirtækis og stærðartakmarkanir félaga

Þá skal það nefnt að skattlagning tekna starfsmanna, stjórnarmanna eða sérhæfðra ráðgjafa í fjármagnstekjuskattsbili á aðeins við ef um er að ræða sprotafyrirtæki, sbr. 9. mli. 2. mgr. 18. gr. tekjuskattslaga. Sprotafyrirtæki samkvæmt tilvitnuðu ákvæði er skilgreint þannig:

*„Með sprotafyrirtæki er átt við félag sem fellur undir 3. tölul. 3. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, er innan stærðarmarkna 2. tölul. 3. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., hefur fyrir skiptin varið meira en 10% af veltu í viðurkennda rannsókn- og þróunarstarfsemi og er stofnað í þeim tilgangi. Ráðherra er heimilt að kveða á um framkvæmd ákvæðisins í reglugerð, m.a. skilgreiningu á sprotafyrirtæki.“*

Þau stærðarmörk sem 2. tli. 3. mgr. 1. tli. B-liðar 1. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga sem skilgreining sprotafyrirtækis vísar til eru þessi:

*„Hjá félaginu starfi ekki fleiri en 25 starfsmenn og félagið sé með árlega veltu undir 650 millj. kr. og/eða efnahagsreikning undir 650 millj. kr. Ef félag er hluti af félagasamstæðu skal miða við samstæðuna í heild á grundvelli samstæðureiknings.“*

Af lagaákvæðinu í frumvarpinu er óljóst hvernig skattlagningu skuli háttáð ef sprotafyrirtækið sem kaupréttir eru veittir í fer umfram ofangreind stærðarmörk. Ef ætlunin er sú að undantekningarákvæði frumvarpsins sem tryggja skattlagningu í fjármagnstekjuprepi eigi ekki við ef umrædd félög vaxa umfram þessi stærðarmörk, er ljóst að þeir hvatar sem frumvarpið skapar eru rangir, enda munu þeir ekki virka hvetjandi til vaxtar fyrir starfsmenn sprotafélaga, enda myndu þeir samhliða auknum vexti vinnuveitanda síns þurfa að greiða tekjuskatt fyrir kauprétti, en ekki fjármagnstekjuskatt.

Þar fyrir utan er hér með lagt til að miðað verði fremur við að þær lagabreytingar sem kveðið er á um í frumvarpinu verði látnar ná til fleiri félaga en aðeins sprotafyrirtækja samkvæmt ofangreindum stærðarmörkum, og að þær nái þess í stað til lítilla nýsköpunarfélaga í samræmi við skilgreiningu 1. tli., sbr. 3. tli. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Ætti stærðartakmörkunin þannig að ná til nýsköpunarfélaga skv. skilgreiningu laganna, sem hafa færri en 50 starfsmenn og eru með árlega veltu undir 10 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 10 milljónum evra. Í þessu samhengi vill Framvís vekja athygli á því að samkvæmt breytingum sem gerðar voru í upphafi þessa árs í Svíþjóð greiða starfsmenn „smárna“ fyrirtækja aðeins fjármagnstekjuskatt af tekjum á grundvelli kaupréttarsamninga, en smá fyrirtæki samkvæmt sænskri skattalöggjöf eru öll

fyrirtæki sem hafa 150 starfsmenn eða færri og hafa ársveltu sem nemur 280 milljónum sænskra króna (um 3.600 milljónir íslenskra króna). Ætli íslensk félög að geta keppt á alþjóðlegum vettvangi um hæft starfsfólk þarf augljóslega að stækka verulega þann stærðarramma sem lagafrumvarpið gerir ráð fyrir.

*Tillaga: Lagt er til að lagabreytingarnar nái til lítilla nýsköpunarfélaga í samræmi við skilgreiningu 1. tl., sbr. 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.*

Er nefndin hvött eindregið til að hafa til hliðsjónar þá staðreynd að nýsköpunarfélög keppa á hinu alþjóðlega sviði um hæft starfsfólk. Skattaumhverfið hér á landi þarf að auðvelda þeim samkeppnina, en ekki þyngja róðurinn.

---

Framvís vill að endingu biðja efnahags- og viðskiptanefnd góðfúslega um fund á næstunni til þess að fylgja ofangreindum sjónarmiðum og öðrum úr hlaði, sem og ræða frekari útfærslur á löggjöf sem varðar kauprétti í sprota- og nýsköpunarfélögum til þess að markmið kaupréttarsamninga í þannig félögum fái skilað nauðsynlegum árangri.

Virðingarfyllst,

f.h. Framvís,

Fróði Steingrímsson, lögmaður LL.M.

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10, 3. hæð  
101 Reykjavík  
nefnasvid@althingi.is

Umsagnaraðili: Hugverkaráð Samtaka iðnaðarins  
Tryggvi Hjaltason, formaður

Reykjavík, 6. desember 2022

**Efni: Umsögn um mál 432/2022-2023 – Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (kaupréttir, mútubrot o.fl.), þingskjal 502**

Hugverkaráð Samtaka iðnaðarins (SI) tekur til umsagnar mál nr. 432 á löggjafarþingi 2022-2023. Málið varðar ýmsar breytingar á lögum um skatta og gjöld, þar á meðal mál sem varða hagsmuni nýsköpunarfyrirtækja, nánar tiltekið áform um að tímabundin hækkun endurgreiðsluhlutfalls vegna kostnaðar sem fellur til við rannsóknir og þróun (R&D) verði framlengd og úrbætur á skattalegri meðferð kaupréttar og hlutabréfa hjá sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.

Þessum áformum fagnar Hugverkaráð enda eru skattahvatar vegna rannsóknar- og þróunar eitt mikilvægasta tól stjórnvalda til verðmætasköpunar- og starfamyndunar í íslensku hagkerfi í dag eins og neðangreind samantekt sýnir. Þá er að sama skapi fagnaðarefni að til standi að endurskoða regluverk í kringum kauprétti starfsfólks nýsköpunarfyrirtækja en eins og kerfið er úr garði gert í dag nýtist það ekki sem skyldi.

Hugverkaráð styður því áformin en vill þó lýsa yfir vonbrigðum yfir því að ekki sé lagt til að festa tímabundna hækkun vegna R&D varanlega í lög líkt og lagt var til þegar frumvarpið var í Samráðsgátt. Ráðið vill því ítreka fyrri umsagnir sínar um málið þar sem fjallað hefur verið um ávinninginn af því að styðja kröftuglega við nýsköpun í gegnum skattfrádrætti vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar og efla samkeppnishæfni kaupréttarkerfis fyrir nýsköpunarfyrirtæki hér á landi.

## I. Skattfrádráttur vegna rannsókna og þróunar

Með breytingum á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem veitir nýsköpunarfyrirtækjum rétt til skattafrádráttar vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar (hér eftir ýmist „R&D“ eða „rannsóknar- og þróunarkostnaður“), fyrst árið 2018 með því að tvöfalda þak á endurgreiðslu á slíkum kostnaði úr 300 milljónum í 600 milljónir króna (900 milljónir króna fyrir samstarfsverkefni) og síðan árið 2020 með því að hækka þakið í 1.100 milljónir króna og hækka endurgreiðsluprosentuna úr 20% í 25% fyrir stór fyrirtæki og 35% fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki þá tókst Alþingi að gera rekstrarumhverfi hugverkafyrirtækja á Íslandi alþjóðlega samkeppnishæft. Líklega hefur sjaldan orðið eins mikil og kröftug svörun úr atvinnulífinu á jafn stuttum tíma við lagabreytingu Alþingis. Fyrirtæki í hugverkaiðnaði settu ýmist aukinn kraft í rannsóknir og þróun, með tilheyrandi fjölgun starfsmanna, eða héldu áfram með verkefni sem annars hefði verið hætt við, á sama tíma og margar aðrar atvinnugreinar drógust saman vegna erfiðrar stöðu í

heimsfaraldri covid-19. Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar á Íslandi hafa stóraukist, störfum hefur fjölgað og er kraftur enn í gangi í þeim efnum. Hugverkaiðnaður hefur nú fest sig í sessi sem fjórða útflutningsstoðin í hagkerfinu, útflutningsstoð sem er ekki háð takmörkuðum náttúruauðlindum, sú fyrsta í hagsögu Íslands.

Hugverkaráð SI er samfélag fulltrúa margra af helstu hugverka- og hátæknifyrirtækja landsins sem kemur reglulega saman til þess að meta samkeppnishæfni Íslands og sóknartækifæri í hugverkaiðnaði. Það er einróma mat Hugverkaráðs að kröftugt endurgreiðslukerfi rannsókn- og þróunarkostnaðar sem Alþingi kom á með lagasetningu árið 2020 hafi einfaldlega lagt grunn að því að hægt er að byggja upp öfluga hugverkastoð á Íslandi sem raunhæft gæti orðið stærsta og mikilvægasta efnahagsstoð Íslendinga á þessum áratug. Íslensk hugverkafyrirtæki hófu strax að gera vaxtaáætlanir m.v. framangreind endurgreiðsluhlutföll og þak sem eru nú í fullri framkvæmd.

**Hér fyrir neðan eru tilgreindar fjórar ástæður fyrir því að væntanlegt frumvarp er mikilvægt fyrir hagkerfi Íslands.**

**1: Kröftugt skattahvataumhverfi er lykillinn að því að hugverkastoðin er að aflæstast og gæti orðið stærsta og mikilvægasta stoð hagkerfisins í framtíðinni.**

Ísland er ríkt af auðlindum. Verðmætasköpun og útflutningur þjóðarinnar hefur síðustu áratugi fyrst og fremst byggt á atvinnugreinum sem hafa takmarkaða vaxtamöguleika til framtíðar og byggja á auðlindanýtingu, líkt og sjávarútvegi, stóriðju og ferðaþjónustu. Þessar útflutningsstoðir hafa tryggt góð lífsgæði fyrir Íslendinga en það er ekki hægt að horfa fram hjá því að einkenni auðlindahagkerfis eru miklar sveiflur og ófyrirsjáanleiki. Þetta hefur einmitt alla tíð einkennt hagsögu Íslands.


Í fyrsta sinn í sögu þjóðarinnar kann þetta að vera að breytast. Ferðamönnum fækkaði mikið á milli árána 2019 og 2020, og ásamt ferðaþjónustunni drógust nær allir aðrir útflutningsliðir saman eða stóðu í stað á milli ára. Þess vegna kom það mörgum á óvart að það varð afgangur af utanríkisverslun samkvæmt tölum Hagstofunnar á fjórða ársfjórðungi árið 2020. Ástæðan fyrir þessu var einföld. Það var undantekning í útflutningsliðunum. Líkt og aðalhogfræðingur Arion Banka komst að orði í fréttabréfi til fjárfesta á þeim tíma var þetta: „**ekki vegna þrautseigju ferðaþjónustunnar, heldur vegna *hugverkaútflutnings sem geystist inn eins og riddari á hvítum hesti.***“

Gjöld fyrir notkun hugverka jukust samkvæmt Hagstofunni um 13% á milli ára í þessum mikla samdrætti sem átti sér stað um víða veröld og augljóst var að nýr keppandi væri kominn í hagkerfið. Hugverkaiðnaður hefur nú fest sig í sessi sem **fjórða stoðin** í útflutningi þjóðarbúsins en útflutningstekjur hugverkaiðnaðar námu tæpum **16% af útflutningstekjum Íslands árið 2021.**

**Af hverju kom þessi stoð inn af svona miklum krafti? Ein helsta ástæða þess er sú að sjórnvöld ákváðu árið 2018 að tvöfalda þak á endurgreiðslu R&D kostnaðar á Íslandi og aflæsa þar með miklum uppsöfnuðum krafti verkefna á Íslandi.**

Þegar skattahvatarnir voru eflir enn frekar árið 2020 leystist enn meiri kraftur úr læðingi í hugverkaiðnaði.

## Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar aukast í samræmi við fjárfestingu í R&P



2: Síðasta efling á R&P skattahvötum er að leiða til þess að sjö til níu þúsund verðmæt störf eru að verða til á Íslandi næstu fimm árin.

Niðurstöður könnunar meðal stjórnenda fyrirtækja í hugverkaiðnaði innan Samtaka iðnaðarins sýna að hugverkafyrirtæki stefna á að ráða sjö til níu þúsund sérfræðinga á Íslandi næstu fimm árin. Það eru 1.800 manns að meðaltali á ári.

Könnun á vegum Íslandsstofu sem gerð var fyrr á árinu leiddi í ljós að vaxtaáætlanir 70% hugverkafyrirtækja hér á landi árið 2021 náðu fram að ganga eða voru framar væntingum.

Störfin sem skapast í hugverkaiðnaði eru vel launuð, skapandi störf fyrir hámenntaða einstaklinga og því er til mikils að vinna að búa svo í haginn að þessi störf verði til á Íslandi. Með því að leggja áherslu á fjölgun starfa í hugverkaiðnaði getur Ísland ekki aðeins laðað að erlenda sérfræðinga heldur einnig búið svo í haginn að komandi kynslóðir vilji setjast að hér á landi í stað þess að sækja tækifærin erlendis.

## 3: Ekki útgjöld heldur öflug fjárfesting.

Nokkuð hefur borið á umræðu um að R&P skattahvatar séu *styrkir til fyrirtækja*. Forsvarsmenn nær allra hugverkafyrirtækja sem undirrituð hafa rætt við eða starfa hjá segja sömu söguna þegar kemur að kröftugra endurgreiðslukerfi R&P: Það leiðir til þess að fleiri verkefni eru sett í gang á Íslandi; uppbygging fer fram hér og eru ekki færð úr landi þegar stuðningsumhverfið er orðið eins samkeppnishæft og raun ber vitni síðasta árið. Þess vegna er mikilvægt að leggja eftirfarandi tvær breytur til grundvallar þegar meint útgjöld eru metin:

1. Þegar endurgreiðsluhlutföll eru samkeppnishæf þá verða fleiri verkefni sett af stað á Íslandi, meiri áhættufjárfesting sækir til landsins og fleiri störf eru sköpuð sem ella hefðu

ekki orðið til. Þetta skapar nýjar skatttekjur. Um þetta liggja nú þegar fyrir tugi dæma bara síðustu tvö ár.

2. Til þess að fá endurgreiðslu þarf fyrst að stofna til útgjalda og er því áhætta ríkisins og beinn kostnaður alltaf takmarkaður við þá staðreynd að fyrst þurfa að koma til fjárfesting sem skapar skatttekjur áður en endurgreiðslur hefjast.

Meint „útgjöld“ eru því ekki útgjöld í venjulegum útgjalda skilningi þegar kemur að kostnaði ríkissjóðs enda skapar tilvist þess tekjur sem hefðu ellegar ekki orðið til hér á landi. Þess vegna er réttara og eðlilegra að horfa til endurgreiðslukerfisins sem fjárfestingarkerfis.

#### 4: Þetta er alþjóðlegt kapphlaup þar sem skýr skilaboð skipta sköpum.

Mikið kapphlaup er nú í gangi um tvær auðlindir á meðal efnahagslegra þróaðra ríkja; hugverk og hæfileika. Fyrri kapphlaupið snýr að því að ná verðmætum hugverkum (e. intellectual property), tekjunum af þeim og starfamyndun til heimaríkis. Seinna kapphlaupið snýr að því að ná sérfræðingunum sem þarf til að geta viðhaldið, þróað, byggt upp og viðhaldið nýjum hugverkadrifnum verkefnum.

Það er stefna núverandi stjórnvalda að hugverkastoðin verði að okkar stærstu útflutningsstoð. Til þess að slíkt sé raunhæfur möguleiki þarf að tryggja samkeppnishæfni þjóðarinnar á þessum tveimur sviðum. Það fyrri snýr að því að byggja upp og viðhalda samkeppnishæfu umhverfi til rannsóknar- og þróunar; kjarna nýsköpunar. Í því tilliti er endurgreiðslukerfi stjórnvalda á rannsóknar- og þróunarkostnaði fyrirtækja stærsta og mikilvægasta fjárfestingin ásamt mikilvægu stuðningskerfi nýsköpunar í gegnum Rannís. Seinna atriðið er að efla mannauðinn á Íslandi bæði með innlendri uppbyggingu, til að mynda með eflingu kaupréttarkerfis, en líka með því að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga, sem stuðlar að aukinni þekkingu, breidd og alþjóðlegum tengsum í þágu íslensks samfélags og efnahags. Frumvarpið sem hér er um rætt mun því móta lykilkætti í getu okkar sem þjóðar í þessu kapphlaupi.

Tímabundin hækkun á skattahvötum vegna R&D skiptu sköpum eins og fram hefur komið en nauðsynlegt er að þessi hlutföll verði fest í lögum til þess að hugverkafyrirtæki geti gert áform um framtíðaruppbyggingu starfsemi sinnar hér á landi.

## Samantekt

*Hugverkaráð hvetur efnahags- og viðskiptanefnd til þess að leggja til að hlutföll endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar verði varanlega fest í lög, 25% fyrir stór fyrirtæki og 35% fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki rétt eins og lofað var í sjórnarsáttmála ríkissjórnarinnar og að þakið verði 1,1 milljarður eins og var á árunum 2020 og 2021. Að mati ráðsins væri það þó enn ákjósanlegra að þakið yrði afnumið rétt eins og framsæknustu nýsköpunarhagkerfin hafa gert til þess að hafa ekki stærðarþak á skilvirkri nýsköpun á Íslandi.*

## II. Kaupréttir starfsmanna sprotafyrirtækja

Hugverkaráð fagnar tillögum í frumvarpinu varðandi skattlagningu kaupréttanna í nýsköpunarfyrirtækjum en fjallað er um áformin í 3. gr. frumvarpsins. Annar þáttur í því að gera Ísland samkeppnishæft í nýsköpun er að auðvelt sé fyrir nýsköpunarfyrirtæki að umbuna starfsfólki, stjórnarmönnum og ráðgjöfum með kaupréttum. Algengt er að nýsköpunar- og tæknifyrirtæki umbuni starfsmönnum sínum með kaupréttum en slíkt veitir starfsfólki eignarhald

og hlut í fyrirtækinu og möguleika á ávinningi seinna meir. Slíkt styrkir samkeppnisstöðu slíkra fyrirtækja er kemur að ráðningu hæfs starfsfólks þar sem almennt er geta slíkra félaga til að borga laun lakari en gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði.

Með eignarhaldi verða hagsmunir starfsfólksins nátengdari hagsmunum fyrirtækisins og einnig má ætla að kaupréttir sem ávinnast yfir ákveðið tímabil auki líkurnar á að fyrirtæki haldi í gott starfsfólk. Eignarhald starfsmanna í nýsköpunarfyrirtækjum hefur sögulega verið sjaldgæfara í Evrópu og eru líklega fjölbreyttar ástæður fyrir því. Hins vegar hefur orðið breyting á þessu á undanförunum árum og hafa þau ríki sem standa framarlega í nýsköpun séð mikilvægi þess að hafa kerfi í kringum kauprétti nýsköpunarfyrirtæki skilvirk, gagnsæ og ekki síst hvetjandi. Lönd eins og Svíþjóð, Eistland, Bretland og Frakkland hafa innleitt reglur sem hafa stutt við vöxt hugverkaiðnaðar í viðkomandi landi.


Lög og reglur um kauprétti á Íslandi hafa verið talsvert lakari en gengur og gerist annars staðar. Sökum smæðar markaðarins hér og skort á hæfu starfsfólki er nauðsynlegt að kerfið sé jafngott eða betra en í samkeppnislöndum okkar.

Hugverkaráð SI fagnar því tillögunum í frumvarpinu og hvetur efnahags- og viðskiptanefnd til þess að samþykkja þessa tilhögun á skattlagningu á kaupréttum í sprotafyrirtækjum.

### III. Lokaorð

Hugverkaiðnaður getur orðið stærsta og mikilvægasta stoðin í útflutningstekjum þjóðarbúsins ef réttar ákvarðanir eru teknar á næstu árum. Áformin sem nú liggja fyrir gefa til kynna að stjórnvöld séu á réttri braut og því fagnar Hugverkaráð en hvetur efnahags- og viðskiptanefnd til þess að festa skattahvata vegna rannsókna- og þróunar varanlega í lög í samræmi við þær reglur sem hafa gilt síðan vorið 2020 og íhuga einnig að ganga skrefinu lengra og afnema þak á endurgreiðslur og gera þar með stuðningskerfi fyrir nýsköpun á Íslandi með því besta sem finnst í veröldinni.

*Virðingarfyllst,*

A photograph of a handwritten signature in blue ink on a light-colored background. The signature reads "Tryggvi Hjaltason".

*Tryggvi Hjaltason, formaður Hugverkaráðs Samtaka iðnaðarins*

## **Hugverkaráð Samtaka iðnaðarins**

*Alexander Picchiatti, Verne Global*

*Fida Abu Libdeh, GeoSilica Iceland*

*Inga Lind Karlsdóttir, Skot Productions*

*Líja Ósk Snorradóttir, Pegasus*

*Reynir Scheving, Zymetech*

*Róbert Helgason, Kot*

*Soffía Kristín Þórðardóttir, Origo*

*Tryggvi Hjaltason, formaður Hugverkaráðs, CCP*

*Vigdís Tinna Sigurvaldadóttir, Marel*

*Þorgeir Óðinsson, Directive Games North*

*Þóra Ejjörg Magnúsdóttir, Coripharma*



Nefndasvið Alþingis  
v.t. efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2022

## Umsögn KPMG Law ehf. við drög að frumvarpi til laga um „breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (kaupréttur, mútubrot o.fl.)“, 432. mál.

Samkvæmt tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis þann 28. nóvember 2022 er KPMG Law ehf. (hér eftir nefnt „KPMG“) gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp. Af því tilefni sér KPMG ástæðu til að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og/eða ábendingum.

### 1. Almenn

KPMG kom á framfæri athugasemdum við drög að frumvarpi þessu, þegar það birtist á samráðsgátt stjórnvalda þann 11. október sl.<sup>1</sup> Ef fyrirbyggjandi frumvarp er borið saman við fyrrnefnd drög er birtust á samráðsgáttinni er ljóst að tekið hefur verið tillit til ábendinga KPMG. Þrátt fyrir það telur KPMG þó enn rétt að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum/ábendingum við lagafrumvarp þetta.

### 2. Samandregnar niðurstöður KPMG

Til þægindaauka hefur KPMG dregið saman helstu athugasemdir sínar við frumvarp það sem er til umsagnar. Helstu athugasemdir sem KPMG gerir við frumvarpið eru sem hér segir:

1. Að 9. gr. tsl. nái jafnt til aðila sem eru launþegar hjá félagi eður ei, eða að minnsta kosti að vísun til sérhæfðra ráðgjafa verði einnig færð undir 9. gr. tsl. svo ekki liggi vafi á því að 9. gr. taki einnig til sérhæfðra ráðgjafa sem ekki eru starfsmenn félags.
2. Að skilyrði er fram koma í 1. – 4. tölul. 1. efnisgreinar 3. gr. frumvarpsins (sem felur í sér viðbót á nýju ákvæði, 10. gr. a., í tekjuskattslögin nr. 90/2003), verði endurskoðuð með það að markmiði að þau gagnist fleiri nýsköpunarfélögum, enda er það mat KPMG að skilyrðin sníði ákvæðinu svo þröngan stakk að markmiðum með ákvæðinu komast ekki almennilega til framkvæmda.
3. Að mikilvægt sé að lagareglur um kauprétti og skattlagningu þeirra séu almennar, skýrar og nái til allra þeirra er starfa í þágu fyrirtækjanna, hvort sem það eru starfsmenn, verktakar, ráðgjafar, stjórnarmenn eða aðrir.

<sup>1</sup> [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3304](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3304)

Nánari umfjöllun um athugasemdir og tillögur KPMG má finna hér að neðan.

### 3. Um 3. grein frumvarpsins

Í 3. gr. frumvarpsdraganna er lagt til að auka nýrri grein, 10. gr. a, við tsl. Ákvæðinu er ætlað að taka til skattlagningar tekna sem myndast við nýtingu starfsmanna, stjórnarmanna og sérhæfðra ráðgjafa á kauprétti eignarhluta í sprotafyrirtækjum. Lagt er til að tekjurnar skattleggist sem fjármagnstekjur (nú 22% skattur). KPMG telur ýmislegt mega betur fara í þessu ákvæði. Annars vegar þurfi að kveða á um það með skýrari hætti að 9. gr. tsl. taki til fleiri aðila en launþega eða að minnsta kosti að það taki til sérhæfðra ráðgjafa og hins vegar að endurskoða hvort skilyrðin sem sett eru fram í nýrri 10. gr. a. séu ekki sniðinn of þröngur stakkur.

#### 3.1. Aðeins um muninn á 9. gr. og 10. gr. tsl.

Þegar horft er til draga að frumvarpinu, þeirra athugasemda sem bárust stjórnvöldum á samráðsgáttinni og þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá því að það birtist á samráðsgáttinni, er það mat KPMG að fullt tilefni sé til að vekja athygli á mismuni þeirra ívilnandi reglna sem gilda um kauprétti sem koma annars vegar fram í 9. gr. tsl. og hins vegar í 10. gr. sömu laga.

Í 9. gr. tsl. er fjallað um hvernig skattlagningu skuli háttáð þegar aðili kaupir hlutabréf samkvæmt kauprétti sem hann öðlast „vegna starfa“ fyrir annan aðila. Með lögum nr. 79/2016 var ákvæðinu breytt á þann veg að skattlagningu vegna nýtingar (kaupa) á kauprétti skuli frestað þar til bréfin yrðu seld (og nú síðar með lögum nr. 69/2021 „þar til eigendaskipti verða á hlutabréfunum“). Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því er varð að lögum nr. 79/2016 segir um þessa breytingu m.a.:

*„Sérstakar reglur gilda um skattalega meðferð tekna vegna kaupa á hlutabréfum samkvæmt kauprétti sem maður hefur öðlast vegna starfa fyrir annan aðila. Meginreglan er sú að líta skal á mismun gangverðs og söluverðs sem starfstengda launagreiðslu sem sætir sömu skattalegu meðferð og aðrar launagreiðslur. Greiðsla er því staðgreiðsluskyld og kemur til skattlagningar þegar kaupréttur er nýttur. Ef hlutabréf eru ekki skráð í kauphöll og engin viðskipti hafa verið með bréf er myndað hefur gangverð í viðskiptum, skal miða við bókfært verð eigin íjár samkvæmt síðasta endurskoðaða ársreikningi eða árshlutareikningi viðkomandi félags. Skattlagning hefur þannig átt sér stað við nýtingu og innlausnarverð, sem lagt var til grundvallar við skattlagningu kaupaukans, þá talist sem stofnverð við síðari sölu, og hagnaður af sölnni þannig reiknaður talist til íjármagnstekna í hendi sejjanda.*

*Í frumvarpinu er lagt til að sú breyting verði á skattalegri meðferð tekna vegna kaupa manns á hlutabréfum samkvæmt kauprétti sem hann hefur öðlast vegna starfa fyrir annan aðila, skv. 9. gr. tekjuskattslaga, að þær verði skattlagðar við sölu bréfanna í stað afhendingardags/innlausnar eins og nú er. Verði frumvarpið að lögum mun því starfsmaðurinn hvorki greiða skatt af kauprétti sínum á samningsdegi né þegar hann leysir bréfin til sín. Skattlagningu er frestað þangað til bréfin eru seld og mun mismunur á kaupverði samkvæmt kaupréttarsamningi og söluverði tejjast til launatekna.“*

KPMG þykir óhætt að fullyrða að lagabreyting þessi hafi gagnast nýsköpunarfélögum á Íslandi einkar vel. Markmiðið með kaupréttum er yfirleitt að: (i) samtvinnna hagsmuni hluthafa, félaga og starfsmanna; (ii) veita kjarabót fyrir starfsmenn og stuðla að þátttöku þeirra í verðmætaaukningu félagsins; (iii) tryggja langtímasamband og hugsun í starfsemi nýsköpunarfélaga og þeirra starfsmanna og annarra sem taka þátt í að byggja upp starfsemina. Með lagabreytingunni 2016 varð það að áhættuminni kosti fyrir starfsmenn að samþykkja að hluti starfskjara þeirra væri í formi kaupréttar, enda fylgdi því þá ekki fjárútlát vegna skattgreiðslna við nýtingu á kaupréttunum. Með sama hætti hefur lagabreytingin gert nýsköpunarfélögum kleift að laða til sín öflugt starfsfólk með því að veita þeim kauprétti, enda fjárhagsleg staða þeirra yfirleitt þannig að þau geta ekki keppt við stöndugri félög í launum. Að fresta skattlagningu kaupréttar fram að sölu hluta hefur þannig skipt sköpum fyrir nýsköpunarfyrirtæki við að tryggja sér hæft starfsfólk.

Rétt er að taka fram að beiting 9. gr. hefur lengst af takmarkast við starfsmenn félags, þá sem eru á launagreiðendaskrá félag, vegna þeirrar túlkunar í framkvæmd að orðalagið „vegna starfa“ samkvæmt 9. gr. tsl. nái einvörðungu til starfsmanna, þ.e. þeirra sem eru á launagreiðendaskrá viðkomandi fyrirtækis. Nýlega var hins vegar gerð sú breyting á að nú nær ákvæðið einnig til stjórnarfólks nýsköpunarfélaga.<sup>2</sup>

Í 10. gr. tsl. er fjallað um hvaða skilyrði kaupréttarsamningur þurfi að uppfylla til að allar tekjur samkvæmt honum skuli skattlagðar sem fjármagnstekjur í stað þess að skattleggjast sem laun. Hér er vert að hafa hugfast að óalgengt er að nýsköpunarfélög nýti sér 10. gr. tsl. við framkvæmd sinna kaupréttáætlana vegna þeirra ströngu skilyrða sem þar er að finna, svo sem um kaupverð, eignarhaldstíma o.fl. Í framkvæmd er því algengara að skráð félög nýti sér 10. gr. tsl. og nýsköpunarfélög nýti sér 9. gr. tsl.

### **3.2. Kaupréttir samkvæmt 9. gr. nái til sérhæfðra ráðgjafa**

Fyrirhuguð breyting 3. gr. frumvarpsins, sem kynnir til leiks nýja grein, 10. gr. a., fjallar um að skattlagningu tekna starfsmanna, stjórnarmanna eða sérhæfðra ráðgjafa skv. 9. gr. vegna nýtingar kaupréttar í sprotafyrirtækjum skuli skattlagðar sem fjármagnstekjur.

KPMG telur vert að benda á að breyta þarf 9. gr. tekjuskattslaga til að hún nái til sérhæfðra ráðgjafa, en eins og stendur virðist hún einvörðungu ná til starfsmanna allra félaga og stjórnarmanna nýsköpunarfélaga.

Eitt af markmiðum með frumvarpi þessu sem til umsagnar er að gera nýsköpunarfélögum auðveldara um vik að laða til sín öflugt fólk, hvort sem er starfsmenn, stjórnarmenn, ráðgjafa eða aðra, iðulega í samkeppni við önnur stöndug fyrirtæki. Mikilvægt er að nýsköpunarfélög geti laðað til sín fólk, ekki einungis starfsfólk, heldur einnig aðra, og stór liður í því er að geta veitt þessum aðilum kauprétti. Þá skiptir sköpum að viðkomandi aðilar sæti ekki skattlagningu fyrr en við sölu á hlutabréfunum. Þar af leiðandi telur KPMG nærtækast að breyta núgildandi 9. gr. tsl. þannig að orðalagið „vegna starfa“ nái til allra, ekki einungis þeirra sem þiggja laun sem starfsmenn á

---

<sup>2</sup> Með lögum nr. 69/2021 var gildissvið 9. gr. útvíkkað með þeim hætti að „[sama skuli gildi um] kaup stjórnarmanns á hlutum eða hlutabréfum samkvæmt kauprétti í félagi sem hann er stjórnamaður í ef félagið fellur undir 3. tölul. 3. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, á því ári þegar viðskiptin eru gerð.“

launagreiðendaskrá, eða í hið minnsta að gildissvið þess verði útvíkkað svo það nái með öyggjandi hætti til sérhæfðra ráðgjafa.

Vert er að hafa í huga að ef orðalagið „*sérhæfður ráðgjafi*“ verður fært inn í 9. gr. tsl. þarf að gera því frekari skil. KPMG telur að þessu tilefni rétt að benda á þá ágalla sem KPMG telur vera á núverandi skilgreiningu á hugtakinu „*sérhæfður ráðgjafi*“ skv. 1. tölul. 1. efnisgreinar 3. gr. frumvarpsins.

### **3.3. Skilyrði 10. gr. a.**

Sem fyrr fjallar 3. gr. frumvarpsins um að bæta við nýrri grein, 10. gr. a., en samkvæmt henni skulu tekjur starfsmanna, stjórnarmanna eða sérhæfðra ráðgjafa skv. 9. gr. vegna nýtingar kaupréttar í sprotafyrirtækjum, sbr. 9. másl. 2. mgr. 18. gr., skattlagðar sem fjármagnstekjur skv. C-lið 7. gr. sé tilteknum skilyrðum fullnægt. KPMG er þeirrar skoðunar að skilyrðin, sem talinu eru upp í fjórum tölulíðum í 1. mgr., sníði nýtingu ákvæðisins svo þröngan stakk að það muni ekki nýtast nýsköpunarfélögum líkt og væntingar eru um. Nánar um ábendingu KPMG verður fjallað hér í næstu köflum.

#### **3.3.1. Staðfesting Rannís og vinnuframlag sé eingöngu tengt framkvæmd á hinu staðfesta verkefni**

Samkvæmt 1. másl. 1. efnismálgreinar 3. gr. er það gert að skilyrði að sprotafyrirtæki hafi fengið staðfestingu Rannís, sbr. 5. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, áður en kaupréttarsamningur var gerður og vinnuframlag þess sem fær kauprétt tengist eingöngu framkvæmd á hinu staðfesta verkefni.

KPMG þykir skilyrði þetta fremur þröngt. Að takmarka gildissviðið við þá sem ákvarðanir taka um framkvæmd verkefnis útilokar almenna starfsmenn og aðra ráðgjafa frá því að fá notið ákvæðisins. Af greinargerð frumvarpsins verður ekki ráðið að sú sé ætlunin. Í greinargerð frumvarpsins segir m.a.: „*Jafnframt má rekja ákvæði frumvarpsins til sjjórnarsáttmála ríkissjórnarinnar þar sem segir m.a. að löggjöf um skattalega meðferð kaupréttar og hlutabréfa hjá nýsköpunarfyrirtækjum verði endurskoðuð þannig að þeim verði gert kleift að keppa um starfsfólk og ráðgjafa með því að bjóða hlutdeild í framtíðarávinningi á grundvelli skattalegra ívilnanna [sic].“ Framtíðarávinningur sprotafyrirtækis ræðst ekki eingöngu af því hvernig til tekst við framkvæmd rannsóknar- og þróunarverkefnis heldur ekki síður af því hvernig til að mynda tekst til við markaðssetningu og sölu afurða af verkefninu. Þá er alþekkt að starfsmenn og stjórnendur sprotafyrirtækja búi yfir nauðsynlegri sérþekkingu um þróun afurðar/verkefnis en þurfi að leita sér aðstoðar við önnur rekstartengd málefni, svo sem að koma vörum og afurðum á markaði erlendis. Er framangreind vinna ekki síður mikilvæg fyrir sprotafyrirtæki en vinna við framkvæmd verkefnis, hvort heldur starfið sé í höndum starfsmanna fyrirtækisins eða keypt af ráðgjöfum. Því hefur stundum verið haldið fram að íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum gangi vel í þróun afurða og lausna sem standast samkeppni við útlönd en hins vegar reynist það erfiðara að koma þeim á markaði erlendis. Þannig er stundum leitað af sérhæfðum fjárfestum (e. *strategic investors*) sem geta aðstoðað félög með tengingar og þekkingu, þannig að afurðirnar og lausnirnar verði keyptar á erlendum mörkuðum. Sama á við um sérhæfða ráðgjafa á tilteknum mörkuðum, jafnvel þótt þeir komi ekki endilega að vörubrúuninni sjálfri.*

Þá þykir KPMG rétt að velta því upp hvort staðfesting Rannís á verkefni sé nauðsynleg forsenda þess að nýsköpunarfélög geti nýtt ákvæði þetta. Eflaust mætti nota aðra skilgreiningu á sprotafyrirtæki, sem þó gæti byggt á ákvæði 5. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009. Verði niðurstaðan að halda sig við Rannís staðfestingu er vert að velta því upp hvort ekki mætti útvíkka gildissvið ákvæðisins með því að taka út skilyrði þess efnis að staðfesting Rannís þurfi að liggja fyrir við gerð kaupréttarsamningsins. Þannig getur það reynst mikilvægt fyrir fyrirtæki á öðrum stigum, fyrir og eftir Rannís, að laða til sín öflugt fólk, öfluga ráðgjafa og aðra.

### 3.3.2. Tímamörk ákvæðisins

Í 2. og 4. tölul. 1. efnismálgreinar 3. gr. frumvarpsins er það gert að skilyrði að annars vegar þurfi að lágmarki að líða 18 mánuðir frá gerð kaupréttarsamnings og þar til hann er nýttur og hins vegar að kaupréttarsamningurinn megi ekki ná til lengri tíma en sex ára.

Örlög margra farsælla nýsköpunarfélaga er á þá vegu að stærri og stöndugri félög fjárfesta í þeim að hluta eða öllu leyti. Er það oftast en ekki beinlínis markmið stofnenda nýsköpunarfélaga að selja félagið á tilteknu stigi rekstrarins. Vegna þessa raunveruleika má oftast en ekki finna ákvæði í kaupréttarsamningum sem kveða á um að við sölu nýsköpunarfélags virkist réttur kaupréttarhafa til að nýta allan kauprétt sinn, hvort sem ávinningstímabilið er liðið eður ei. Kaupréttarhafa stendur þá til boða að nýta kauprétt sinn og selja svo hlutinn sem hann eignaðist við nýtingu kaupréttarins til nýrra kaupenda. Er þetta kaupréttarhöfum einkar mikilvægt svo þeir geti notið ágóða af því að fyrirtækið er selt, en það er oftast á tíðum einmitt undirliggjandi markmið með störfum kaupréttarhafans, þ.e. að fá „*hlutdeild í framtíðarávinningi*“ eins og segir í frumvarpinu. Þá þykir oft á tíðum ekki fýsilegt fyrir kaupendur að fyrir liggja samningar sem félag hefur gert sem beinlínis hindri viðskiptin. Kaupréttarhafar munu reyna standa í vegi fyrir því að félagið sem veitir kaupréttina verði selt innan 18 mánaða frá gerð kaupréttarsamningsins. Einnig munu félagin sjálf væntanlega bregða á það ráð að kveða á um í kaupréttarsamningum að við sölu falli kaupréttarsamningur niður að því leyti sem varðar óáunnin réttindi. Þá vilja kaupendur félaga oftast en ekki taka við félagi sem hefur ekki útistandandi skyldur um að gefa út eða selja tiltekna hluti til annarra en kaupendanna sjálfra. 18 mánaðartímamarkið í 2. tölul. 1. efnismálgreinar 3. gr. frumvarpsins er því varhugavert að þessu leyti.

Þá þykir KPMG jafnframt varhugavert að skilyrða gildissvið ákvæðisins við kaupréttarsamninga til að hámarki sex ára, en samkvæmt greinargerð er fylgdi frumvarpinu virðist takmarkið fyrst og fremst vera einföldun á skattframkvæmd. Engin frekari skýring er veitt hvað þetta varðar. Þrátt fyrir þetta má taka undir með frumvarphöfundum að oftast en ekki er gildistími kaupréttarsamninga ekki lengri en sex ár. Í mörgum tilfellum eru rök fyrir því að hafa tímabilið styttra, og í öðrum tilfellum lengra. Hér verður samningsfrelsið að ráða för enda ekki séð að það hafi áhrif á skattframkvæmd. Mikilvægast er að hún sé skýr, einföld og fyrirsjáanleg. Þau markmið nást einungis með fáum skilyrðum.

### 3.4. Vísun til C-liðar 7. gr. tsl.

Ákvæði 3. gr. frumvarpsins er sem fyrr segir ætlað að taka til skattlagningar tekna sem myndast við nýtingu starfsmanna, stjórnarmanna og sérhæfðra ráðgjafa á kauprétti eignarhluta í sprotafyrirtækjum. Lagt er til að tekjurnar skattleggist sem fjármagnstekjur (nú 22% skattur) og í því sambandi er vísað til C-liðs 7. gr. laga nr. 90/2003. Nákvæmara væri að vísa til 3. og 4. mgr. 66. gr. sömu laga þar sem kveðið er á um að tekjuskattur af tilteknum fjármagnstekjum skuli vera

22%, að ekki skuli aðrir skattar lagðir á þær tekjur og að þær tekjur skuli ekki reiknast með í tekjuskattsstofni til viðmiðunar við útreikning tiltekinna bóta.

#### 4. Um 15. gr. frumvarpsins

Í 15. gr. frumvarpsins er lögð til sú jákvæða breyting að við lögin bætist bráðabirgðaákvæði sem kveður á um að 2. máls. 9. tölul. 31. gr. tsl. taki einnig til Bretlands hvað varðar greiðslur frá og með 2021. Breyting þessi þýðir að í kjölfar Brexit taki 2. máls. 9. tölul. 31. gr. tsl. einnig til breskra félaga, en í grunninn varðar 2. máls. 9. tölul. 31. gr. frádráttarbærni af mótteknum arði frá félögum innan EES (og aðildarríkjum að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og félögum í Færeyjum).

KPMG telur rétt að benda á næsta tölulið 31. gr. tsl., þ.e. 9. tölulið a, en hann er í grunninn efnislega samhljóða fyrrnefndum 9. tölul. nema í stað þess að taka til arðgreiðslna tekur hann til söluhagnaðar hlutabréfa.

Ekki er að sjá af athugasemdum í greinargerð þeirri er fylgir frumvarpinu sem er til umsagnar að sérstök afstaða hafi verið tekin til þess að sérstaklega undanskilja söluhagnað hlutabréfa en KPMG telur rétt að 15. gr. nái einnig yfir 9. tölul. a. 31. gr. tsl.

#### 5. Aðrar athugasemdir

Í 2. og 5. gr. frumvarpsins má finna tillögur að breytingum á ákvæðum 10. gr. og 18. gr. tsl. Breytingartillagan miðar að því að þar sem vísað er til sölu á hlutabréfum sé fremur vísað til eigendaskipta. Í greinargerð er fylgir frumvarpinu er ekki að finna neina umfjöllun um það hvernig þessi breyting komi niður á „eigendaskiptum“ við gjaldþrot eða slit á félagi. KPMG telur ólíklegt að markmið með breytingunni sé að ná utan um þau tilvik þar sem aðilar tapa eignarhlut sínum vegna gjaldþrotaskipta eða slita á félagi en telur vert að benda á að þetta mætti gera skýrar í lagatextanum.

Þá bendir KPMG að þessu tilefni á sama orðalag í 9. gr. tsl. sem kom inn með breytingarlögum nr. 69/2021, en verði fyrri athugasemd KPMG tekin til greina mætti bæta við ákvæði í frumvarpið sem samræmði fyrrnefnt orðalag 9. gr. við breytingarnar sem kunna að vera gerðar á 2. og 5. gr. þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,

**KPMG Law ehf.**



Ásgeir Skorri Thoroddsen



Ævar Hrafn Ingólfsson

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík 6. desember 2022

**Umsögn Monerium EMI ehf. um framvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (kaupréttiur, mútubrot o.fl.), 432. mál.**

Monerium EMI ehf. fagnar því að með frumvarpi þessu er loks ráðist í breytingar á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, er lúta að skattlagningu kaupréttá í sprotafyrirtækjum.

Því miður gengur frumvarpið ekki nógu langt. Íslensk sprotafyrirtæki munu ennþá standa höllum fæti samanborið við þau lönd sem við alla jafnan miðum okkur við. Það er sérstaklega mikilvægt í ljósi skorts á innlendu vinnuafli að íslensk sprotafyrirtæki geti keppt á jöfnum grundvelli við erlenda samkeppnisaðila.

Umsögn þessi lítur aðeins að 3. gr. frumvarpsins og mun annars vegar skiptast í almenna umfjöllun um kauprétti og hins vegar umfjöllun um hvern tölulið 3. gr. frumvarpsins.

**Almennt**

Í dag er staðan sú að launafólk sem leggur fram þekkningu til nýsköpunarfyrirtækja í formi vinnuframlags er mismunaði í samanburði við fjármagnseigendur í skattalegu tilliti.

Rekstur nýsköpunarfyrirtækja er afar áhættusamur. Talið er að um 90% af nýsköpunarfyrirtækjum nái ekki markmiðum sínum og enda með gjaldþroti eða er slitið með fjárhagslegu tapi fyrir stofnendur sem og fjárfesta.<sup>1</sup>

Til að setja það sem eftir kemur í samhengi er best að fjalla um hvaða tilgangi kauprétti er ætlað að þjóna í tilviki nýsköpunarfyrirtækja.

---

<sup>1</sup> Sjá:

<https://www.forbes.com/sites/neilpatel/2015/01/16/90-of-startups-will-fail-heres-what-you-need-to-know-about-the-10/>

Kaupréttir á hlutafé er enföld og algeng leið til að samtvinnna hagsmuni fjárfesta og stofnenda annars vegar og hins vegar hagsmuni starfsfólks.

Almennt séð er geta nýsköpunarfyrirtækja til að borga samkeppnishæf laun lakari en gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði. Með eignarhaldi eru hagsmunir starfsfólks nátengdari hagsmunum fyrirtækisins en jafnframt má ætla að kaupréttir sem ávinnast yfir ákveðið tímabil auki líkurnar á að fyrirtæki haldi í gott starfsfólk.

Kaupréttum er ætlað að tryggja starfsfólki ávinning í velgengni nýsköpunarfyrirtækisins en á sama móti verja þau gegn fjárhagslegu tapi.

Æskilegt er að lög og reglur um kauprétti á Íslandi séu jafngóð eða betri en best gerist annars staðar, meðal annars til að veða upp aðra veikleika svo sem smæð þjóðfélagsins og skort á fólki með reynslu og þekkingu af nýsköpunarfyrirtækjum. Frumvarpið stenst ekki það markmið.

Lykilþáttur í því að gera Ísland samkeppnishæft í nýsköpun og gera nýsköpunarfyrirtækjum kleift að laða til sín framúrskarandi starfsfólk er að auðvelda nýsköpunarfyrirtækjum að umbuna starfsfólki með kaupréttum.

Við núverandi aðstæður þar sem sárafá nýsköpunarfyrirtæki nýta sér undanþáguákvæði 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er verið að mismuna launafólki og fjármagnseigendum í skattlegu tilliti þar sem almenna reglan er að kaupréttir eru skattlagðir sem tekjur skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, en tekjur fjármagnseiganda skattlagðar sem fjármagnstekjur skv. C-lið 7. gr. sömu laga.

### **1. tölul. 1. mgr. 3. gr. Staðfesting Rannís**

Í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er það skilyrði gert að sprotafyrirtækið hafi fengið fyrirfram staðfestingu Rannís áður en kaupréttarsamningur er gerður.

Ætla má að með þessu skilyrði er verið að tryggja að aðeins starfsfólk sprotafyrirtækja sem fást við nýsköpun njóti þessa skattalega hagræðis. Markmiðið er í sjálfu sér er skiljanlegt en ekki fæst séð afhverju þess er krafist að staðfesting þurfi að gerast áður en kaupréttarsamningar eru gerðir en ekki t.d. á líftíma þeirra.



Í Svíþjóð er farin sú leið að sett eru fram hlutlægt skilyrði er varðar t.d. stærð, starfsaldur sem og atvinnustarfsemi fyrirtækisins og opinbert eignarhald er útilokað. Í Eyrstrasaltsríkjunum eru hins vegar engar kröfur gerðar.

Það er að mörgu að huga þegar nýsköpunarfyrirtækjum er komið á fót. Eðli málsins samkvæmt eru sprotafyrirtæki mismunandi og stofnendur þeirra með mismunandi bakgrunn bæði er varðar menntun sem og starfsreynslu. Það verður að teljast ósanngjörn krafa gagnvart óreyndari stofnendum og þ.a.l. starfsfólki þeirra, að þekking á helstu úrræðum nýsköpunarfyrirtækja fyrirfinnist innan sprotafyrirtækisins í öndverðu.

Fyrirfram samþykki Rannís er til þess fallið að auka kostnað sem og flækja starfsumhverfi félagsins. Æskilegt er að hafa skýrar og einfaldar reglur sem auðvelt er að fara eftir en að leita þurfi fyrirfram samþykkis opinberra aðila eða sérfræðinga.

Ef sú leið verður farinn að Rannís þurfi að staðfesta að um sé að ræða nýsköpunar- eða sprotafyrirtæki þá er algjörlega óþarft að slíkt þurfi að gerast áður en kaupréttarsamningar við starfsmenn eru gerðir. Oft á tíðum vita stofnendur e.t.v. ekki af endurgreiðslu úrræðum Rannís. Fyrirfram samþykki Rannís býr til óþarfa hindrun og kostnað.

Það hvort verkefnið sé staðfest af Rannís fyrir eða eftir gerð kaupsamninga við starfsmenn hefur heldur ekkert um að segja hvort fyrirtækið fái í raun og veru við nýsköpun en ætla má að tilgangur þessa frumvarps sé einmitt að gera starfsumhverfi nýsköpunarfyrirtækja eftirsóknarverðara.

Við leggjum til að 1. mgr. 3. gr. verði felld úr frumvarpinu eða endurskrifuð með þeim hætti að fyrirfram staðfestingu sé ekki krafist og samþykki þurfi einungis að fást innan líftíma kaupréttarins sem skv. 4 tölul. 1.mgr. 3. gr. frumvarpsins eru 6 ár.

## **2. tölul. 1. mgr. 3. gr. Ávinnings réttur**

Eðlilegt að kaupréttarhafi þurfi að ávinna sér réttinn sem oftast er mældur í tímalengd frá gerð samnings til nýtingar. Hins vegar er óþarfi að binda slík skilyrði í lög því flest fyrirtæki gera sjálf sambærilegar kröfur.

### 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. Kaupverð

3. mgr. setur fram ákveðnar takmarkanir á lágmarks kaupverð. Kaupverðið má ekki vera lægra en gangverð eða bókfært virði eiginfjár skv. síðasta samþykka ársreikningi.

Hér þarf að huga að minnst þremur atriðum:

- Í fyrsta lagi ætti það að vera undir félaginu og kaupréttarhafa komið að semja um verð kaupréttarins.
- Í öðru lagi eru kaupréttarsamningar oft á tíðum gerðir í árdaga félagsins. Við slíkar aðstæður hafa almennt engin viðskipti með hluti félagsins átt sér stað á sama tíma og eigið fé félagsins er lítið sem ekkert. Einnig má nefna að í sumum tilvikum liggur ársreikningur ekki fyrir þar sem sú aðstaða getur komið upp að félag hafi ekki starfað í heilt rekstrar ár við gerð kaupréttarsamnings. Við slíkar aðstæður er erfitt að reikna kaupverð.
- Í þriðja lagi er ekki eðlilegt að miða gangverð við bókfært verð því það er mjög ónákvæmur mælikvarði á verðmat nýsköpunarfyrirtækja og reiknisskil nýsköpunarfyrirtækja eru heldur ekki alltaf sambærileg.

Í ljósi ofangreinds leggjum við til að ákvæðið verði felld úr frumvarpinu þar sem stofnendum og öðrum eigendum sprotafyrirtækja á að vera treystandi fyrir að bera hag fyrirtæksins fyrir brjósti og ákvarða sanngjörn kaup og kjör við starfsfólk sitt.

### 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. Líftími og bann við framsali

Í 4. tölulið ákvæðisins er gerð tvíþætt krafa. Annars vegar að kaupréttur sé ekki framseljanlegur og hins vegar að líftími samningsins sé ekki lengri en 6 ár.

Í framkvæmd ávinnast kaupréttir almennt á 4 árum sem skiptist í eins árs „cliff“ og þriggja ára ávinnings tímabil (e. vesting period). Kaupréttarhafa er svo altént heimilt að nýta áunnin kauprétt í 1-6 ár frá því að hann var áunninn. Það er hagur starfsfólks hafa hafa nýtingarréttinn sem lengstan.

Hagur starfsfólks yrði því best varinn ef líftími samningsins er hvað lengstur.

Rétt er að taka fram að kaupréttir altént nýttir þegar sprotafyrirtæki eru skráð á markað eða keypt og/eða sameinuð öðrum fyrirtækjum. Ástæðan er tvíþætt, 1) við slíkt tímamark er fjárhagsleg áhætta starfsfólks takmörkuð þar sem kaupréttur er nýttur í sömu andrá og hlutirnir eru seldir, 2) oft er þess ekki krafist að starfsfólk reiði fram fjármuni af hendi heldur er því greiddur út mismunurinn.

Sem dæmi má nefna að nýsköpunarfyrirtækið Transfer Wise sem stofnað var í janúar 2011 var tekið til viðskipta í kauphöllinni í London sumarið 2021 eða 10 árum frá stofnun.

Marel er eitt af fáum íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum sem hafa verið tekið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði en það tók fyrirtækið 9 ár að ná þeim áfanga (1983-1992). Það tók Össur t.a.m. 28 ár að ná þeim áfanga.

Eðlilegt væri því að veita fyrirtækjum meira svigrúm til að koma til móts við starfsfólk sitt þegar líftími kaupréttar er ákvarðaður þar sem það er í til bóta fyrir starfsfólk að geta nýtt áunninn kauprétt á lengra tímabili t.d. 10 ár.

Almennt er að finna skilyrði í kaupréttarsamningum sem kveða á um bann við framsali án samþykktar stjórnar eða að félagið njóti forgangsréttar líkt og oft er að finna í samþykktum félaga þegar það kemur að sölu eða framsali á hlutum.

Við teljum óþarft að binda bann við framsal í lög þar sem upp geta komið atvik t.d. við andlát starfsfólks þar sem gott væri að njóta aukins sveigjanleika.

Í ljósi ofangreinds leggjum við til á áskilnaður um hámarks líftíma sem og bann við framsali verði fellt úr brott úr frumvarpinu. Ef ekki verður fallist á ofangreinda tillögu mælumst við til að líftíminn verði lengur a.m.k. um 10 ár.

### **Lokaorð**

Því ber að fagna að ráðist sé í þessar mikilvægu breytingar á skattlagningu kaupréttar starfsfólks sprotafyrirtækja. Þær standast hins vegar engan vegin samanburð við þau lönd sem eru fremst í nýsköpun í Evrópu.

Best er að skattlagning kaupréttakerfa hér á landi taki mið af einföldustu og hagstæðustu eiginleikum kerfa sem nú eru í gildi t.d. í Svíþjóð og Eystrasaltslöndunum. Það er óþarft að finna upp hjólið.

Undirritaður er boðinn og búinn til að eiga í frekari samráði við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og útskýra efni umsagnarinnar nánar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to be "Jón Gunnar Ólafsson".

---

f.h. Monerium ehf.  
Jón Gunnar Ólafsson

**Umsögn Rannsóknamiðstöðvar Íslands um Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld**

**Þingskjal 502 — 432. mál (153. löggjafarþing 2022–2023), II kafli 16. og 17. gr. er varða lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009.**


Rannís gerir engar athugasemdir við að bráðabirgðaákvæði um skattfrádrátt vegna útlagðs kostnaðar fyrirtækja við rannsóknar- og þróunarverkefni skuli framlengt. Rannís fagnar framkvæmd úttektar á þessari stuðningsaðferð á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og hefur aðstoðað við framkvæmd hennar.

Rannís vill nýta þetta tækifæri til að ítreka að þá afstöðu stofnunarinnar að æskilegt sé að skýra frekar vilja löggjafans hvað snertir framkvæmd þessa mikilvæga verkefnis með því að skerpa á ákveðnum atriðum sem geta leitt til vafa í framkvæmd. Ábendingum hefur verið komið á framfæri við fjármála- og efnahagsráðuneytið og lúta þær einkum að eftirfarandi þremur þáttum:

1. Eyða óvissu um hvað átt er við í 2. gr. laga nr. 152/2009 að lögin gildi fyrir „fyrirtæki sem eru eigendur rannsóknar- eða þróunarverkefna“
2. Skýra betur í lögum hvaða reglur skuli eiga við um samstarf og aðkeypta rannsóknar- og þróunarvinnu þegar um er að ræða „tengda aðila“.
3. Skýra betur í lögum hvort það sé vilji löggjafans að fyrirtæki innan sömu samstæðu, með mismunandi kennitölur, eigi að heyra undir sameiginlegt þak varðandi heildarkostnað.

Rannís vonast til að í kjölfar úttektar OECD komist heildarendurskoðun á lögum nr. 152/2009 á dagskrá, því mikilvægt er að lágmarka óvissu og auka skilvirkni í staðfestingu rannsóknar- og þróunarverkefna. Rannís vonast eftir góðu samstarfi við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis við þá endurskoðun.

Virðingarfyllst,



Ágúst H. Inghórssón  
Forstöðumaður



Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 6. desember 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (kaupréttir, mútubrot o.fl.), 432. mál**

Samtök atvinnulífsins (SA) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 28. nóvember þar sem óskað var umsagnar um ofangreint frumvarp. SA gera athugasemdir við hinn skamma umsagnarfrest sem veittur var í málinu og leggja áherslu á að fá a.m.k. tvær vikur til þess að skila umsögnum um mál.

Með frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir því að tímabundin hækkun skattahvata vegna rannsókn- og þróunar verði framlengt um tvö ár og skattaleg meðferð kaupréttá í nýsköpunarfyrirtækjum verði endurskoðuð. SA fagna þessum fyrirhuguðu breytingum og taka undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Samtaka iðnaðarins um málið.

Að mati SA er hins vegar miður að horfið hafi verið frá þeirri fyrirhuguðu breytingu að festa tímabundna hækkun skattahvata vegna R&D varanlega í lög eins og lagt var til þegar frumvarpið var í samráðsgátt. Hins vegar eru breytingar á ákvæðum frumvarpsins um kaupréttarkerfi fyrir sprotafyrirtæki til mikilla bóta.

Að festa skattahvatakerfi fyrir rannsóknir og þróun varanlega í sessi, líkt og gert var ráð fyrir þegar frumvarpið kom frá ráðuneytinu, væri afar mikilvægt skref fyrir nýsköpun hér á landi. Í frumvarpið skortir rökstuðning fyrir því að horfið hafi verið frá þeirri leið. Hækkað þak og hlutfall endurgreiðslu kostnaðar vegna rannsókna og þróunar hefur orðið til þess að fjárfesting í nýsköpun hefur vaxið umtalsvert á undanförunum árum og skipti t.a.m. sköpum á tímum heimsfaraldurs. Samkeppnishæfni íslenskra nýsköpunarfyrirtækja eykst þannig í alþjóðlegu tilliti.

Með frumvarpinu eru jafnframt lagðar til breytingar á tekjuskattslögum þannig að sérreglur gildi um kauprétti í sprotafyrirtækjum. Þannig skuli skattleggja tekjur vegna nýtingar kaupréttar í sprotafyrirtækjum sem fjármagnstekjur að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Skortur á mannaði á næstu árum stendur vexti nýsköpunarfyrirtækja fyrir þrifum og öflugt kaupréttarkerfi er lykilatriði til þess að vel menntaðir og reynslumiklir sérfræðingar veljist til starfa. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru því skref í rétta átt.



Varðandi skilyrði þessa ákvæðis og aðrar athugasemdir við frumvarpið vísast til umsagnar Samtaka iðnaðarins um málið og taka SA undir þau sjónarmið.

**Virðingarfyllt,**

f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Heiðrún B. Gísladóttir.*

Heiðrún Björk Gísladóttir



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 1. febrúar 2023

**Efni: Viðbótarumsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (kaupréttir, mútubrot o.fl.), 432. mál, 153. löggjafarþing 2022-2023**

## I. Inngangur

Vísað er í umsögn Samtaka iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) dags. 6. desember 2022<sup>1</sup> um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld. Við afgreiðslu þingmála fyrir síðustu áramót var sá þáttur frumvarpsins sem varðar skattahvata vegna rannsókna og þróunar klofinn frá en eftir standa m.a. tillögur að breytingum á skattalegri meðferð kaupréttá í nýsköpunarfyrirtækjum. Vísá samtökin til þess kafla í fyrri umsögn sinni og ítreka að tillögur samtakanna um umbætur á kaupréttakerfi fyrir nýsköpunarfyrirtæki eru til þess fallnar að auka samkeppnishæfni hugverkaiðnaðar hér á landi sem hefur nú þegar aukið fjölbreytni í útflutningstekjum þjóðarbúsins og skapað verðmæt störf.

Eins og fram kom í fyrri umsögn samtakanna er helsta vaxtahindrun hugverkaiðnaðar í dag skortur á sérfræðingum. Öflugt kaupréttarkerfi getur verið lykilorð til þess að nýsköpunar- og vaxtarfyrirtæki geti fengið til sín vel menntaða og reynslumikla sérfræðinga til þess að viðhalda þróun, nýsköpun, vexti og markaðssetningu.

Með þessari viðbótarumsögn vilja samtökin bæta við tillögu að einfaldri breytingu á 9. gr. tekjuskattslaga (tskl.) til viðbótar við þá tillögu sem liggur fyrir að nýrri 10. gr.a. tskl.

## II. Tillaga að viðbót við 9. gr. tekjuskattslaga

Í 9. gr. tskl. er kveðið á um skattlagningu kaupa á hlutabréfum samkvæmt kauprétti. Ákvæðið kveður á um hina almennu reglu að til skattskyldra tekna skuli teljast mismunur á kaupverði samkvæmt kaupréttarsamningi og raunvirði bréfanna þegar kaupréttur er nýttur. Í ákvæðinu er heimild til að fresta skattlagningu þar til eigendaskipti verða á hlutabréfunum. Þannig fer skattlagning ekki fram fyrir en starfsmaðurinn hefur í reynd innleyst ávinninginn sem hann hlýtur, sem kemur til ef bréfin hafa hækkað, við innlausn kaupréttarins og fjármunirnir standa honum lausir til ráðstöfunar til greiðslu tekjuskattsins.

---

<sup>1</sup> [Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld \(kaupréttir, mútubrot o.fl.\), 432. mál, 153. löggjafarþing 2022-2023 \(althingi.is\)](#)




Óvissa ríkir um hvort sambærileg heimild til frestunar á skattlagningu eigi við þegar um er að ræða aðrar aðferðir við veitingu hvata til starfsmanna í formi hlutabréfa. Samtökin leggja til að tekinn verði af vafi um það, með viðbót við orðalag 9. gr. tskl.

Lagt er til að umrætt lagaákvæði um frestun skattlagningar í tilviki kaupréttar verði útvíkkað til að skýrt sé að það eigi einnig við um afhendingu hlutabréfa til starfsmanna án þess að um kaup samkvæmt kauprétti sé að ræða, þ.e.a.s. í þeim tilvikum þar sem fyrirtæki telja heppilegra að afhenda starfsmönnum sínum hlutabréf án endurgjalds að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Færst hefur í aukana að litið sé til fleiri aðferða við veitingu hvata til starfsmanna í formi hlutabréfa sem hafa sama markmið og liggur að baki kaupréttum. Slík tilhögun er sambærileg kaupréttum, eins og þegar starfsmönnum eru afhent hlutabréf án endurgjalds vegna framlags í starfi. Slík aðferð getur verið einfaldari í framkvæmd í mörgum tilvikum, auk þess að stuðla að eignarhaldi starfsmanna á hlutabréfum án þess að inna þurfi af hendi endurgjald eins og í tilviki kaupréttar.

Þessi tilhögun er víða nýtt erlendis hjá fyrirtækjum sem starfa á alþjóðamörkuðum og er áhugi hér á landi að geta boðið upp á samskonar fyrirkomulag og tíðkast erlendis. Öll rök hníga að því að sama skattalega meðferð ætti að gilda við meðferð kaupréttar og við endurgjaldslausu afhendingu bréfa, er varðar skattalega meðferð hlunninda.



Í báðum tilvikum er um að ræða mikilvæg hvatakerfi sem íslensk fyrirtæki geta þá nýtt enn betur ef fyrir liggur að hægt sé að fresta skattlagningu þar til raunverulegur ávinningur er fyrir hendi. Rök þess að gera ráð fyrir frestun skattlagningar, við meðferð kaupréttar, fólust fyrst og fremst í að starfsmenn taka töluverða áhættu með því að kaupa hlutabréf og greiða af því tekjuskatt án þess að fyrir liggja að þeir innleysi í reynd hagnað eða fái skattskyldar tekjur.

Til að ná ofangreindu fram með skýrum hætti og til að tryggja fyrirsjáanleika mætti bæta annarri málsgrein við 9. gr. laga um tekjuskatt:

*Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við vegna afhendingar hlutabréfa til manns án endurgjalds vegna starfa hans fyrir annan aðila.*

Jafnframt mætti breyta heiti 9. gr. þannig að við bætist „eða afhending á hlutabréfum án endurgjalds“.



#### IV. Lokaorð

Samtökin óska eftir því að fá að koma fyrir efnahags- og viðskiptanefnd til þess að fylgja eftir tillögum sínum, bæði er varðar umbætur á tillögu að nýrri 10. gr. a. og viðbót á 9. gr. tekjuskattslaga, sbr. þessa umsögn.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads 'Sigríður Mogensen'. The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Sigríður Mogensen,  
Sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 6. desember 2022

## **Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (kaupréttir, mútubrot o.fl.), 432. mál, 153. löggjafarþing 2022-2023**

### **I. Inngangur**

Samtök iðnaðarins (*hér eftir „SI“ eða „samtökin“*) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld þar sem meðal annars er gert ráð fyrir því að tímabundin hækkun skattahvata vegna rannsókn- og þróunar (R&D) verði framlengd um tvö ár og skattaleg meðferð kaupréttar í nýsköpunarfyrirtækjum verði endurskoðuð. Samtökin fagna þessum áformum en þau eru til þess fallin að bæta samkeppnishæfni hugverkaiðnaðar hér á landi sem hefur nú þegar aukið fjölbreytni í útflutningstekjum þjóðarbúsins og skapað verðmæt störf.

Samtökin vilja þó koma á framfæri athugasemdum við nokkur atriði frumvarpsins, fyrst og fremst það að horfið hafi verið frá því að festa tímabundna hækkun skattahvata vegna R&D varanlega í lög eins og lagt var til þegar frumvarpið var í Samráðsgátt. Á sama tíma fagna samtökin þeim breytingum sem urðu á fyrirhuguðum lagaákvæðum um kaupréttakerfi fyrir sprotafyrirtæki og telja þær til mikilla bóta.

### **II. Skattahvatar vegna rannsókna og þróunar verði gerðir varanlegir**

Hugverkaiðnaður hefur fest sig í sessi sem fjórða stoð útflutnings til viðbótar við orkusækinn iðnað, sjávarútveg og ferðaþjónustu en fyrirtæki í hugverkaiðnaði eiga það sameiginlegt að fjárfesta í rannsóknum og þróun sem er uppspretta verðmætasköpunar í greininni. Tækifærum í hugverkaiðnaði eru fá takmörk sett, hvort sem litið er til tölvuleikjagerðar, líftækniáfurða, heilbrigðistækni, hugbúnaðar eða hátækni á ýmsum sviðum. Á þetta hafa samtökin margfalt bent á, síðast í fyrri umsögn um mál það er hér er til skoðunar.

Miklar umbætur á skilyrðum og hvötum til nýsköpunar hafa eflt hugverkaiðnað og hvatt fyrirtæki til þess að fjárfesta af enn meiri krafti í nýsköpunarverkefnum á Íslandi og er skattahvatakerfi fyrir rannsóknir og þróun burðarásinn í stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun hér á landi. Sá hvati sem felst í endurgreiðslum á kostnaði vegna R&D hefur gefið góða raun hér á landi frá því að kerfinu var komið á fyrir um áratug. Það var þó ekki fyrr en stjórnvöld hækkuðu þak og hlutfall endurgreiðslu umtalsvert, fyrst árið 2018 og svo aftur árið 2020, sem fjárfestingin tók almennilega við sér, eins og efnahags- og viðskiptanefnd þekkir.

Á fyrri stigum frumvarpsins var lagt til að tímabundinni hækkun endurgreiðsluhlutfalls vegna kostnaðar sem fellur til við rannsóknir og þróun yrði gerð varanleg. Endurgreiðsluhlutfall hefur síðan um miðbik árs 2020 verið 35% fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og 25% fyrir stór auk þess sem þak á tiltækum kostnaði hefur verið ýmist 1 eða 1.1 milljarður. Nú er í 16. gr. frumvarpsins lagt til að núgildandi bráðabirgðaákvæði verði framlengd um tvö ár. Samtökin óska eftir



útskýringum á því hvers vegna horfið var frá þeim fyrirætlunum að hlutföll og þak yrðu fest varanlega í lög. Í greinagerð er vísað til úttektar á vegum OECD á endurgreiðslukerfinu en sú úttekt kom til áður en lagt var til að kerfið yrði fest varanlega í lög og því óljóst hvað breyttist áður en frumvarpið kom til efnahags- og viðskiptanefndar.

Fyrirsjáanleiki kerfisins skiptir öllu máli fyrir fyrirtæki sem gera áætlanir til langs tíma þegar kemur að rannsóknum og þróun. Hvert verkefni getur tekið á bilinu 2-20 ár í þróun og því er horft til langs tíma við ákvörðunartöku á því hvar skal staðsetja verkefni. Þá má bæta við að öflugt stuðningsumhverfi nýsköpunar er grundvallaratriði þegar kemur að því að laða að fjárfestingu inn í verkefni sem fyrirtæki í nýsköpun byggja afkomu sína á fyrstu árin.

Samtökin fagna því að til standi að framlengja þennan mikilvæga hvata og að til standi að halda hlutföllum og þaki samkeppnishæfu áfram en lýsa yfir vonbrigðum yfir því að kerfið verði ekki gert varanlegt á yfirstandandi þingi.

### III. Kaupréttarkerfi fyrir sprotafyrirtæki

Eins og fram kom í umsögn samtakanna á fyrri stigum er helsta vaxtahindrun hugverkaiðnaðar í dag, ekki aðeins hér á landi heldur víða um heim, skortur á sérfræðingum. Nýleg greining SI sýnir að það vantar um 9 þúsund sérfræðinga á næstu fimm árum til að hámarka vaxtagetu fyrirtækja í hugverkaiðnaði. Öflugt kaupréttarkerfi er lykilatriði til þess að vaxtarfyrirtæki geti fengið til sín vel menntaða og reynslumikla sérfræðinga til þess að keyra áfram þróun, vöxt og markaðssetningu. Reglur í kringum kauprétti starfsmanna fyrirtækja hér á landi hafa ekki gagnast sem skyldi og því fagna samtökin því að lagt sé til að sérstakar reglur gildi um kauprétti í sprotafyrirtækjum.

Eignarhald starfsmanna á hlutum í fyrirtækjum er eitt af því sem hefur um áraraðir einkennt uppbyggingu nýsköpunarfyrirtækja á þeim svæðum þar sem sprotaumhverfið þykir hvað hagfelldast, s.s. í Bandaríkjunum. Slíkt eignarhald hefur síður tíðkast í Evrópu en ríki sem standa framarlega á sviði nýsköpunar s.s. Bretland, Svíþjóð og Eistland hafa í auknum mæli verið að innleiða slíka hvata. Kaupréttir starfsmanna geta hjálpað til við að laða að hæfileikaríkt starfsfólk til lítilla sprotafyrirtækja með takmarkað fjármagn en háleit markmið. Eignarhald eykur áhuga starfsmanna á verkefnum og velgengni fyrirtækisins og umbunar þeim ef fyrirtækið nær markmiðum sínum.

**Samtökin fagna þeim breytingum sem hafa orðið á frumvarpinu í meðförum ráðuneytisins hvað varðar reglur í kringum kauprétti í sprotafyrirtækjum.** Um þetta er fjallað í 3. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að tekjur af kaupréttum í sprotafyrirtækjum skuli skattlagðar sem fjármagnstekjur að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Samtökin vilja þó nýta tækifærið og nefna tvö atriði sem breyta þyrfti:

#### i) Skilgreining á sprotafyrirtæki

Samtökin hvetja efnahags- og viðskiptanefnd til þess að uppfæra skilgreiningu á sprotafyrirtæki í frumvarpinu. Samkvæmt því er skilgreint sprotafyrirtæki með eftirfarandi hætti: *Skráð einkahlutafélag eða samlags/sameignarfélag sem fellur undir lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, þ.e. stunda rannsóknir eða þróun, sem er innan stærðarmarka 2. tölul. 3. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga, þ.e. að hjá félaginu starfi ekki fleiri en 25 starfsmenn og félagið sé með árlega veltu undir 650 milj. kr. og/eða efnahagsreikning undir*



650 milj. kr. Ef félag er hluti af félagasamstæðu skal miða við samstæðuna í heild á grundvelli samstæðureiknings.

Skilgreining þessi var samin árið 2016 en síðan þá hefur íslenskt nýsköpunarumhverfi gjörbreyst. Mikilvægt er að endurskoða þessi mörk til þess að lögin endurspegli verðlagsþróun og starfsumhverfi sprotafyrirtækja eins og það er í dag. Samtökin leggja til að greinin verði uppfærð á þann veg að miðað sé við að fyrirtæki hafi ekki fleiri en 50 starfsmenn og árleg velta sé undir milljarði.

Þetta viðmið er í samræmi við skilgreininguna á litlu fyrirtæki í lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009 en þar er gert ráð fyrir að starfsmannafjöldi lítils fyrirtækis fari ekki yfir 50 manns og velta fyrirtækis nemi ekki meira en 10 milljónum evra sem eru í dag tæpur 1,5 milljarður íslenskra króna. Almennt er á Íslandi í dag miðað við að sprotafyrirtæki sé komið af fyrstu stigum þegar árleg velta er komin yfir milljarð, til að mynda beitir Rannís þeim viðmiðum við úthlutun Vaxtarsprotans. Þá má nefna að 650 milljónir uppfærðar samkvæmt vísitölu neysluverðs í júní 2016 eru í dag tæpar 830 milljónir. Til viðbótar má nefna að 50 starfsmanna viðmiðið er í samræmi við til að mynda reglur í Svíþjóð.

#### ii) Kaupréttur megi ná til lengri tíma en sex ára

Rétt eins og segir í greinagerð með frumvarpinu um 1 og 3. gr. þess eru kaupréttir gjarnan gerðir frá fjórum til tíu ára en frumvarpið setur með 4. skilyrði í 3. gr. frumvarpsins sex ára tímamark á líftíma kaupréttá. Óljóst er hver ástæðan er fyrir þessum takmörkunum. Samtökin hvetja efnahags- og viðskiptanefnd til þess að færa mörkin í 10 ár til þess að hamla ekki að sprotafyrirtæki sem eru í tímafrekum rannsóknum og þróun geti boðið starfsfólki kauprétti. Í nágrannalöndum okkar er ekki sambærilegt takmark á líftíma kaupréttá og sprotum gefið meira svigrúm varðandi hvernig þau kjósa að útfæra kaupréttarsamninga.

#### **IV. Lokaorð**

SI fagna því að til standi að framlengja tímabundna skattahvata vegna rannsókna- og þróunar fyrirtækja og því að koma eigi á fót sérstöku kaupréttarkerfi fyrir sprotafyrirtæki. Líkt og fram kemur í umsögninni gera samtökin þó athugasemdir við ákveðin atriði frumvarpsins og óska eftir því að fá að koma fyrir efnahags- og viðskiptanefnd til þess að lýsa þeim sjónarmiðum.

Virðingarfyllt,

Nanna Elísa Jakobsdóttir,

Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2022

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (kaupréttur, mútubrot o.fl.).  
(Mál nr. 432)**

Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld. Frumvarpið felur meðal annars í sér breytingu á reglum um kaup á hlutabréfum á grundvelli kaupréttarsamninga. Ráðið hefur lengi talað fyrir endurskoðun á kaupréttum og fagnar því að stjórnvöld ætli að taka skref í þá átt. Ráðið hefur þó nokkrar athugasemdir við útfærslu frumvarpsins.

**Nauðsynlegt að breyta fyrirkomulagi kaupréttta**

Umgjörðin um kauprétti hérlendis er talsvert lakari en í nágrannalöndum okkar. Sökum smæðar og skorts á hæfu starfsfólki er nauðsynlegt að kerfi okkar sé ekki einungis samkeppnishæft, heldur betra en í nágrannalöndunum. Líkt og fjallað er um í greinargerð frumvarpsins hafa tekjur vegna kaupréttta, sem starfsmanni eru veittar í tengslum við starf sitt, almennt verið skattlagðar sem hefðbundnar launatekjur en ekki eins og fjármagnstekjur. Þröng skilyrði eru fyrir undanþágu frá þeirri reglu og ná þau almennt ekki til nýsköpunarfyrirtækja. Fyrstu árin í starfsemi nýrra félaga, sér í lagi ef þau vinna að markaðssetningu nýrrar vöru, eru tekjur oft af skornum skammti. Eðli málsins samkvæmt hafa þau félög minna á milli handanna til að greiða út laun. Þá er almennt erfiðara fyrir íslensk félög að sækja erlenda sérfræðinga sem og að komast inn á erlenda markaði samanborið við félög erlendis. Viðskiptaráð fagnar því endurskoðun á þessu fyrirkomulagi þar sem það eykur líkurnar á að smærri félög geti laðað til sín hæft starfsfólk, sem er lykilatriði í því að auka samkeppnishæfni nýsköpunar á Íslandi. Auk þess minnkar þetta aðstöðumuninn milli fjárfesta og starfsfólks.

**Skilyrði of þröng**

Útfærsla frumvarpsins gerir það þó að verkum að breytingarnar munu ekki skila miklu fyrir nýsköpunarfyrirtæki. Skilyrðin sem sett eru í frumvarpinu eru þröng og taka ekki mið af því umhverfi sem umræddir samningar eru gerðir í. Í 1. tl. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er sett fram skilyrði um að „*protafyrirtæki hafi fengið staðfestingu Rannís, sbr. 5. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, áður en kaupréttarsamningur var gerður og vinnuframlag þess sem fær kauprétt tengist eingöngu framkvæmd á hinu staðfesta verkefni*“. Viðskiptaráð gerir athugasemd við það að tengja kaupréttarsamninginn við ákveðið verkefni. Í nýsköpunarfyrirtækjum starfa starfsmenn þétt að sama markmiði, um fáa starfsmenn er að ræða og raunar ólíklegt að einhverjir starfsmenn séu alfarið utan við ákvarðanatöku í einhverju verkefni. Ráðið sér ekki rök fyrir öðru enað heimila kaupréttarsamninga heilt yfir fyrirtækið, en með þessari útfærslu er annað hvort verið að mismuna starfsmönnum eða

skapa óþarfa umstang hjá fyrirtækjum svo allir starfsmenn uppfylli viðkomandi skilyrði. Sömu reglur ættu að gilda um alla starfsmenn innan nýsköpunarfyrirtækja varðandi nýtingu kaupréttá.

### Líftími kaupréttarsamninga vinnur gegn markmiði

Þá felur 4. tl. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins í sér að samningur um kauprétti sé ekki framseljanlegur og nái ekki til lengri tíma en sex ára. Viðskiptaráð telur mikilvægt að þessum tímamörkum sé alfarið sleppt eða í öllu falli þau lengd verulega. Eigi samningurinn að ná því markmiði sínu að samtvinna hagsmuni starfsmanna og nýsköpunarfyrirtækja er vert að hafa það í huga að vöxtur nýsköpunarfyrirtækja er langt ferli og tekur mun lengri tíma ár fyrir slík félög að ná raunverulegum vexti. Afar litlar líkur eru því að á því tímabili aukist virði kaupréttá og þar með hætt við að lítill tilgangur sé með þeim. Ráðið telur rétt að líta til framkvæmdar erlendis hvað þetta varðar, en umrætt ákvæði er á skjön við þær fyrirmyndir. Ráðið telur engin haldbær rök fyrir því að takmarka samningana með þessum hætti.

### Festa þarf í sessi bráðabirgðaákvæði um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki

Þegar frumvarpið var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda fól 16. gr. í sér að bráðabirgðaákvæði laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009 var gert varanlegt. Frumvarpið hefur nú tekið breytingum á þá leið að bráðabirgðaákvæðið hefur einungis verið framlengt um tvö ár. Viðskiptaráð mótmælir þessari breytingu og telur mikilvægt að festa ákvæðið í sessi. Slík breyting yrði mikið framfaraskref og skapar nauðsynlegan fyrirsjáanleika fyrir nýsköpunarfyrirtæki og fjárfesta.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að mikilvægt sé að „*stuðla að nýsköpun á Íslandi svo sem með rýmkun á reglum um kaup á hlutabréfum samkvæmt kauprétti og hvetja einstaklinga, þar á meðal starfsmenn, stjórnarmenn og sérhæfða ráðgjafa, til að taka þátt í uppbyggingu fyrirtækja sem stunda nýsköpun svo þau geti í ríkari mæli notið góðs af mikilvægri sérfræðilekkingu og viðhaldi henni*“. Í ljósi ofangreinds mun frumvarpið að óbreyttu ekki ná umræddu markmiði. Nauðsynlegt er að gera breytingar á því eigi að stuðla að samkeppnishæfari umgjörð um kauprétti í nýsköpunarfyrirtækjum.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði endurskoðað með tilliti til ofangreindra athugasemda og tekur jafnframt undir sjónarmið Framvís um málið.**

  
Agla Eir Vilhjálmsdóttir  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs